

**58. fundur íþróttar- og tómstundanefndar Skaftárhrepps, haldinn þann 19. ágúst 2014, kl. 21:00, á Syðri - Fljótum.**

**Mættir undirritaðir fulltrúar nefndarinnar.**

Á fundinn mættu: Kristín Lárusdóttir (formaður), Bjarni Bjarnason og Arnhildur Helgadóttir.

Arnhildur ritar fundargerð.

**Dagskrá:**

**1) Kosning varaformanns og ritara**

a) Bjarni Bjarnason kosinn varaformaður og Arnhildur Helgadóttir kosin ritari nefndarinnar.

b) Lagt til að hafa fund þriðja miðvikudag hvers mánaðar.

**2) Erindisbréf**

Farið yfir erindisbréf, engar athugasemdir gerðar.

**3) Styrkir til íþróttafélaga.**

Ákveðið var að bíða með úthlutun þar til á næsta fundi.

**4) Starfsmannastefna Skaftárhrepps**

Umræður sköpuðust um hvort til væri jafnréttis- og eineltisstefna Skaftárhrepps. Til dæmis, hvað skal gera ef upp kemur eineltismál.

**5) Málefni íþróttamiðstöðvar.**

Málefni íþróttamiðstöðvar rædd. Íþróttar- og tómstundanefnd vill hvetja fólk til þess að nýta sér þá góðu aðstöðu sem við höfum upp á að bjóða. Hugmynd kom upp að setja upp töflu þar sem mæting í íþróttamiðstöð er skráð og verðlauna þá sem eru duglegastir að mæta.

**Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 23:00.**

**Kristín Lárusdóttir**

**Bjarni Bjarnason**

**Arnhildur Helgadóttir**